Fjársafnanir o.fl. vegna sjóðsins handa ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna 1854-1870

Aðfnr. 1343, örk 6

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikningur

yfir fjárhag sjóðsins handa ekkjum og börnum drukknaðra fiskimanna frá Reykjavík og Gullbringu og Kjósarsýslum árið 1868. –

	Tekjur	Rd.	Sk.	Útgjöld	Rd.	Sk.
1.	Eptirstöðvar við árslok 1867.			A. Styrkur veittur		
	Konungleg skuldabrjef 4%			Ásu Mikaelsdóttur — 30 –		
	2193 rd. 56 –			Önnu Haldórsdóttur — 20 –	50	–
				(a. b.)		
	í sjóði til inn-kaupa á skuldabrjefi 180 — –			B. Ýmisleg útgjöld.		
				Prentun á reikningi (c.)	1	16.
	í peningum og innskriptum 69 — 28	2442	84.	Eptirstöðvar:		
2.	Vextir af höfuðstól fjelagsins	91	71.	í konungl. 4% skuldabrjef-um. . . . . 2393 – 56.		
3.	Ávinningur við kaup á skulda-brjefi að upphæð 200 rd. . .	20	55.	í sjóði hjá gjald-kera . . . . 110 – 42	2504	2

Reykjavík hinn 4. Marts 1869

A. Thorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og kunnugt er, drukknaði maður minn-sál. Eyríkur Eyríksson sumarið 1866, frá mjer og börnum þremur, - tveim af þeim mikið heldur litlum, hefi jeg síðann þar sem efni mín hafa verið lítil sem eingin, opt átt í harðavíði að géta framdreigið líf mitt og barna minna, og má jeg þó þakklátlega viðurkjenna að jeg hefi notið liðsinnis og hjálpar ýmsra heiðursmanna hjer í bænum. Enn sökum dýrtíðar þeirrar sem nú er, á jeg þó einna erfið-ast með lífsbjörg fyrir mig og mína, af því sem jeg nokkru sinni hefi átt. og þessvegna leyfi jeg mér að í Auðmykt Það snúa mjer til hinnar heiðruðu stjórnar-nefndar styrktarsjóðs ekkna og munaðarlausra barna drukknaðra fiskimanna í Kjósar og Gullbringusýslu og Reykjavík, og biðja hana veita mjer af góðvild sinni dálitla hjálp

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af tjeðum sjóði til styrktar mjer og börnum mínum í þessu bága ári.

Stöðlakoti við Reykjavík
21 Janúar 1869.

Lotningarfyllst
Anna Eyríksdóttir.

Til
hinnar heiðruðu Stjórnarnefndar Styrktar-sjóðsins handa ekkjum og munaðarlausum börnum drukknaðra fiskimanna í Kjósar og Gullbringusýslum og Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1869.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér að sækja um, að hinni háttvirtu nefnd, sem ræður fyrir sjóði þeim, er stofnaður til styrktar ekkj-um og börnum drukknaðra fiskimann-a í Kjalarness þingi, mætti þóknast að veita styrk nokkrum bágstöddum hér í umdæminu; en þeir eru þessir:

1. Guðrún Gunnlaugsdóttir, ekkja eptir tómthúsmann Pétur Þórðarson, er drukkn-aði 15. Janúar 1869. Hún er örsnauð og á enn nú 2 börn manns síns á ó-magaaldri.

2. Anna Eiríksdóttir, ekkja eptir smið Eirík Eiríksson, sem drukknaði 28. Júní 1867. Hún er bláfátæk, og hefir í eptir-dragi 3 börn manns síns, pilt nýfermdan, en fremur pasturslausan, og 2 dætur á ómagaaldri.

3. Sigrún Guðlaugsdóttir, ekkja eptir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tómthúsmann Sigurð Sigurðsson, sem drukknaði
15. Janúar 1860. Hún er bláfátæk, og
hefst við á handtökum sínum, og hefir
í eptirdragi son sinn, að vísu fermdan,
en preklitin og heilsulinan.

4. Magnea Leósdóttir, 2 ára, óskilgetið
barn Leós Halldórssonar, sem drukkn-
-aði 26. Oct. f. á. Móðirin er bláfátæk,
og á þar hjá annað barn; en mun hvor-
-ugu barni sínu geta lagt neitt til
til forsorgunar.

5. Oddur, Guðrún og Hjörtur, öll
á ómagaaldri, börn tómthússmanns
Jóns Eyjólfssonar, sem drukknaði 15.
April f. á. Hann lét eptir sig protabú,
og kona hans varð dáin á undan hon-
-um; svo börn þessi eiga nú engan að.

Stöðlakoti í Reykjavík, 17. Febr. 1869.

Jón Arnason

Til
Stjórnarnefndar sjóðs þess, er stofnaður er til styrktar
ekkjum og börnum drukknaðra fiskimanna
í Kjalarness þingi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þareð ekkjan Karitas Þórarins-
dóttir í Mýrarhúsum varð að sjá
á bak manni sínum Arnóri
Oddssyni, sem einsog kunnugt er drukkn-
aði ásamt Jóni bónda Sigurðssyni í
Mýrarhúsum nú í haust og er með
ómegð sinni bjargþrota, nema hvað
guð og góðir menn skjóta saman fje
handa henni til lífsbjargar; þá leyfi
jeg mjer hjérmeð, sem vergi tjeðrar
ekkju, að leyta ásjár forstöðumanna fyrir styrktarsjóði eptir-
látinna drukknaðra innan Gullbringu og
Kjósarsýslu, svo þeim mætti þóknast
að veita fyrgreindri ekkju styrk henni og
hennar ómegð til lífsbjargar. —

Engey 21ta Desember 1868.

Auðmjúklegast
Kristinn Magnússon
(ekkjunnar vegna)

Til
Forstöðumannanna fyrir styrktarsjóði eptirlátinna
drukknaðra innan Gullbringu og Kjósarsýslu. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

51-16
2393-56

2444 72
110 42

24.55 18

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 26. Oct. f. á. drukknaði í fiski-róðri Arnór Oddsson, tómthúsmaður á Mýrarhúsum hér í hreppnum. Hann lét eptir sig ekkju, Karitasi Þórarins-dóttur, með 5 börnum kornúngum, og í þeirri fátækt, að bú hans er lángt fram yfir það að vera protabú.

Við leyfum okkur því að óska, að hinni háttvirtu nefnd mætti þóknast, að veita þessum bágstöddu munaðarleys-íngjum einhverja hjálp.

Seltjarnarness hreppi, 17. Februar 1869.

Ólafur Þórðarson. Ingjaldur Sigurðsson.

Til
Stjórnarnefndar sjóðs þess, er stofnaður er til styrktar ekkjum og börnum drukknaðra fiskimanna í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þareð eg undirskrifuð hefi að undanförnu notið styrks af sjóði þeim sem hér í umdæminu stofnaður er til hjálpar firir Ekkjur druknaðra manna – leifi eg mér enn á ní að mælast til, að þér Herra Baarfógeti vilduð gjöra so vel og útvega mér hlutdeild í nefndum styrk að þessu sinni, þó eg ekki færi fram á það næstliðið ár ——

auðmjúkast

Reikjavík 30 Januar 1869

Sigrún Guðlaugsdóttir

Til Herra Baarfógeta A. Thorsteinsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér auðmjúklega að leita hinnar heiðruðu nefndar, sem stendur fyrir styrkmanna sjóðnum, og að beiðast þess að hún veiti mér í bágindum mínum einhvern hæfilegan styrk, en svo er mál með vexti, að unnusti minn, Leó Halldórsson, drukknaði í vetur á skipi Jóns sáluga á Mýrarhúsum, og skildi mig eptir með 6 vikna gömlu barni, sem eg ekki sá ráð til að framfæra af eiginn rammleik. Við Leó sálugi ætluðum að giptast í vor komandi og fara að búa, eða að vera með okkur hús, en það fórst svona sorglega fyrir.

Eg hefi því þá von, að hinir af nefndarinnar heiðruðu meðlimum, sem þekkja til mín, og kringumstæða minna, muni leggja mér liðsyrði, og leyfi eg mér því að vænta náðugrar áheyrslu.

Bollagörðum, 4 Marts 1869

S. Sigríður Einarsdóttir

Til
hinnar heiðruðu Nefndar
Styrkmanna sjóðsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sökum þess að kringumstæður mínar eru eins og að undanförnu mjög erviðar, og það því erviðari, sem nú er harðara í ári en endrarnær, leyfi jeg mjer hjermeð auðmjúklegast að biðja hina háttvirtu stjórnarnefnd sjóðsins handa ekkjum og börnum drukknaðra fiskimanna í Reykjavík góðfúslegast að veita mjer dálitla hjálp af tjeðum sjóði, jafnframt og jeg þakka hinni heiðruðu nefnd fyrir hjálp þá er hún á undanförnum árum hefir látið mjer í tje.

Oddgeirsbæ, 3. Marts 1869

Auðmjúklegast.

Guðrún Gunnlaugsdóttir

Til

Stjórnarnefndar sjóðsins handa ekkjum og börnum drukknaðra fiskimanna í Kjósar- og Gullbringusýslu og Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Stjórnarnefndar sjóðsins handa ekkjum og börnum
drukknaðra fiskimanna í Kjósar og Gullbringusýslum
og
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með línum þessum leifi eg mér að ávarpa hina heiðruðu nefnd fyrir sjóði druknaðra sjó=manna í Gullbr: og Kjósarsýslu fyrir hönd ekkjunnar Önnu Halldórsdóttir nú verandi á Meðalfellskoti áður á Grjóteyri. —

Um raunir þær og missir sem áminst ekkja hefur orðið fyrir skírskota eg til minnar fyrri beiðni til nefnds sjóðs, enn einúngis bæti því við, að hún er einsög hún hefur verið stórkostlega fötluð á lík=amanum og er með 2 börn í æsku og efnahagur hennar að þrotum kominn. —

Í bestu von um að hin heiðraða nefnd vildi taka tjeðrar ekkju kjör til yfirvegunar þegar hún á fund með sér samkvæmt góðvild sinni og efnahag sjóðsins —

Meðalfelli þann 24de Oct 1868

E. Einarsson

Að efnahagr og ástand ofannefndrar ekkju sé rétt greindr

hér að ofan votta eg sem viðkomandi Sóknarprestr

Reynivöllum 23. nóv. 1868

Þorvaldr Bjarnarson

Til

Nefndarinnar fyrir Sjóð druknaðra sjómanna í Gullbr. og Kjósarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af því mér hefir verið sagt, að ekkjur þær, sem misst hafa menn sína í sjó, og aflason, og eru eptir í bágum kringumstæðum, meigi ega von, að fá einhvörn styrk, úr þeim sjóð, sem stofnaður var af samskotum, til hjálpar nauðstöddum ekkjum druknaðra fiskimanna í þessari sýslu, — þá dyrfist eg undirskrifuð, sem nú undireins misst hefi mann minn og son, sem druknuðu þá er þeir voru að sækja salt til útvegsins, og annað til viður-lífis — að flýja til yðar herra sýslumaður! með þá auðmjúka bón, að yður þóknast mætti að stuðla að því, að eg bjargar-litil einstæðingsekkja, sem nú líka hér að auki misst hefi útvegsskip mitt — gæti fengið þann áminsta styrk hið allra fyrsta, og vænti ég bænheyrslu fyrir yðar milligaungu og aðstoð —

Auðmjúklegast
Guðrún Bersteinsdóttir
ekkja Sigurðar heitins
Sigurðssonar á Klöpp

Klöpp þ: 7da Febr. 1869

s.T.
Herra sýslumaður Kl. Clausen

B79 –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S.T.
Herra sýslumadur H. Clausen

á/

Reykjavík

E. E. S.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur